

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi.

#### 1. gr.

Stofnunin heitir Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili þess er í sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

#### 2. gr.

Stofnunin sér um rekstur og umsjón sjóminjasafns sem varðveitt er á svæði og í húsum við Sandahraun 7 ofan byggðarinnar á Hellissandi. Stofnendur eru þau Anton Ragnarsson, kt. 190770-5679, Lilja Ólafardóttir, kt. 140269-5739 og Sæmundur Kristjánsson, kt. 240843-5369.

#### 3. gr.

Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná með því að afla styrkja og framlaga til reksturs og uppbyggingar safnsins og ráða safnvörð og annað starfsfólk til eftirlits og umhirðu þess og til að taka á móti gestum sem óska eftir að skoða safnið. Stofnunin skal taka á móti munum sem tengjast lífi fólks við sjávarsíðuna til varðveislu og sýninga. Fyrst og fremst skal þar um að ræða muni frá fyrri tíð og fram á fyrri hluta tuttugustu aldar. Varðveita skal og hafa til sýnis áraskipin, áttæringana Blika og Ólaf Skagfjörð. Setja skal upp í safninu tímabundnar sérsýningar um sjósókn, náttúrufar eða atvinnuhætti.

#### 4. gr.

Stofnfé sjóminjasafnsins er húseignir þess og safnmunir að upphæð kr 26.000.000 skv. mati endurskoðanda dags. 24. maí 2013. Þar af óskerðanlegt stofnfé kr. 1.045.0000. Safnið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er það kann að eignast síðar.

#### 5. gr.

Stjórn Sjóminjasafnsins skal skipuð þremur mönnum til fimm ára í senn. Jafnframt skal við val á aðalmönnum í stjórn kjósa tvo menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleidis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur safnið. Stjórn Sjóminjasafnsins getur veitt umboð fyrir safnið. Stjórnarfundir eru löglegir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 6. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### 7. gr.

Stjórn Sjóminjasafnsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur safnsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### 8. gr.

Stjórn Sjóminjasafnsins skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga safnsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna safnsins.

9. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

10. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina safnið annarri sjálfseignarstofnun eða leggja safnið niður þarf samþykki allra stjórnarmanna Sjóminjasafnsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar safnsins skal hreinni eign þess varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 5. júní 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

Lára Kristín Gísladóttir.